



14. febrúar 2017
1801128

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 26. janúar 2018 óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 2. mál.

Seðlabanki Íslands horfir fyrst og fremst til þess hvað felst í fjármálastefnumi varðandi aðhald ríkisfjármála að innlendri eftirspurn. Nánar tiltekið hvort breytingar í askomu ríkissjóðs frá einu ári til annars feli í sér örvin eða bremsun. Þetta er mælt með breytingu á frumjöfnuði sem leiðréttur hefur verið fyrir áhrifum hagsveiflunnar.

Í *Peningamálum* 2017/4 sem gefin voru út 15. nóvember sl. mat Seðlabankinn aðhald ríkisfjármála samkvæmt fjármálastefnu fyrri ríkisstjórnar. Það mat miðaði við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018 sem lagt var fram 12. september sl. Bankinn taldi að aðhald ríkisfjármála myndi minnka um 1,5% af vergri landsframleiðslu árið 2017. Yrði það þá þriðja árið í röð sem aðhald ríkisfjármála slaknaði og var slökunin samtals talin nema 2,9% af landsframleiðslu árin 2015 til 2017. Niðurstaða bankans í nóvember var að hluti af slökuninni 2017 yrði tekinn til baka 2018 og að viðbótaraðhald yrði á árunum þar á eftir. Þannig myndi aðhald ríkisfjármála aukast um 1,3% af landsframleiðslu árið 2018 og samtals um 0,5% til viðbótar árin 2019 og 2020.

Fjármálastefna fyrir næstu fimm ár var lögð fram í desember sl. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir afgangi á ríkissjóði á tímabilinu felur hún í sér nokkra slökun á aðhaldestigi opinberra fjármála frá fyrri fjármálastefnu. Eins og rakið er í *Peningamálum* 2018/1 sem gefin voru út 7. febrúar sl. er nú áætlað að aðhalddið aukist um 0,8% í ár sem er 0,5% slökun frá fyrri áætlun. Í stað þess að aðhalddið aukist áfram á næstu tveimur árum er nú talið að það slakni bæði árin, um 0,6% af landsframleiðslu árið 2019 og 0,2% til viðbótar árið 2020. Á tímabilinu 2017-2020 verður aðhald í ríkisfjármálum því samtals 2% af landsframleiðslu minna en gert var ráð fyrir miðað við fjármálastefnu fyrri ríkisstjórnar.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Rannveig Sigurðardóttir
Rannveig Sigurðardóttir
staðgengill aðalhagfræðings

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605